

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 935/2013 um loðnuveiðar íslenskra skipa á haust- og vetrarvertíð 2013 til 2014.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. eru loðnuveiðar í flotvörpu heimilar frá og með 10. janúar 2014 til og með 20. janúar 2014 innan svæðis sem afmarkast af línnum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67° 11' N - 014° 30' V
2. 67° 20' N - 018° 00' V
3. 68° 00' N - 018° 00' V
4. 68° 00' N - 014° 30' V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. janúar 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.